

Gestsson, M.

From: Gestsson, M.
Sent: 21 January 2008 11:04
To: 'nefndasvid@althingi.is'
Subject: Frumv. til myndlistarlaga

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1068
komudagur 21.1.2008

Ágæti viðtakandi,

Varðandi Þ.skj 383 - 306 mál, Frumvarp til myndlistarlaga

Ég tel að ný myndlistarlög horfi til framfara hvað varðar starfssemi Listasafns Íslands.

Samt sem áður langar mig að koma á framfæri eftirfarandi viðbót við 5. gr. *Innkaupanefnd*:

Gæta skal þess að afla nákvæmra upplýsinga um gefanda, uppruna og sögu verks/verka, lýsingu á verki og hvernig það/pau komst/komust í eigu gefanda og hafa til þess sérstök eyðublöð.

Hugleiðing:

Mér er ekki kunnugt um það hvort Listas. Ísl. hefur innanhúsreglur varðandi öflun upplýsinga af því tagi sem ég legg til eða hvort sérstakt eyðublað er notað til slíkrar upplýsingaöflunar þó ég telji líklegt að svo sé. Hinsvegar tel ég rétt að hafa ákvæði um upplýsingaöflun í lögnum svo ekki verði misbrestur á skráningu upplýsinga og það sé tryggt að sem nákvæmastar upplýsingar um verk liggi fyrir og það unnið á samræmdan hátt hvort sem er á pappír eða gagnagrunn.

Þar sem ég þekki til á Bretlandi eru notuð sérstök eyðublöð sem undirrituð eru af gefanda og fulltrúa stofnunar og er einnig gert ráð fyrir því að mynd af verki/verkum fylgi með.

Vinsamlega,
Magnús Gestsson, safnfræðingur
13B Evington Street
Leicester
LE2 0SA
UK